

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018, frístundabyggð í Sighvatslundi vestan Brekku í Lóni.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. nóvember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í því að um 10 ha landbúnaðarsvæði í svonefndum Sighvatslundi sem áður var hluti jarðarinnar Brekku í Lóni breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið er sunnan núverandi þjóðvegur 1 við Jökulsá í Lóni.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. nóvember 2007.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*